

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994 (innleiðing).

Frá atvinnuvegaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995.

1. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur nýr kaflí, IX. kaflí A, **Milliliðir, auðkenning hluthafa og miðlun upplýsinga**, með sjö nýjum greinum, 30. gr. a – 30. gr. g ásamt millifyrirsögnum svohljóðandi:

a. (30. gr. a.)

Milliliðir.

Milliliður samkvæmt kafla þessum er aðili sem veitir þjónustu í tengslum við vörslu hlutabréfa, umsýslu hlutabréfa eða viðhald verðbréfareikninga fyrir hönd hluthafa eða annarra aðila. Milliliður er t.d. verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 65. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, lánastofnun eins og hún er skilgreind í 35. tölul. 1. mgr. 1. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og verðbréfamiðstöð eins og hún er skilgreind í 3. tölul. 4. gr. laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, nr. 7/2020.

Ákvæði þessa kafla gilda um milliliði að svo miklu leyti sem þeir veita hluthöfum eða öðrum milliliðum þá þjónustu sem tilgreind er í 1. mgr. að því er varðar hlutabréf í félögum sem hafa skráða skrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlutabréf þeirra hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvæði kaflans gilda einnig um milliliði sem hafa hvorki skráða skrifstofu né aðalskrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins þegar þeir veita þjónustu sem um getur í 1. mgr. að því er varðar hlutabréf í félögum sem hafa skráða skrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlutabréf þeirra hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins.

b. (30. gr. b.)

Auðkenning hluthafa.

Félag þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði getur farið fram á að milliliður sendi félaginu nauðsynlegar upplýsingar svo það geti auðkennt hluthafa félagsins og skal milliliður þá án tafar senda félaginu upplýsingar um eftirfarandi:

1. Fullt nafn hluthafa, netfang ef það liggur fyrir, og lögheimili og ef um er að ræða lögaðila, skráða skrifstofu og kennitölu eða sambærilegt skráningarnúmer eða

önnur skjöl eða upplýsingar sem tryggja að hægt er að auðkenna viðkomandi lögaðila.

2. Fjöldi hluta í eigu hluthafans.
3. Flokk hlutabréfa, ef við á.
4. Frá hvaða degi hlutabréfin komust í eigu hluthafans.

Sé hluthafi lögaðili hefur hann rétt á að leiðrétt ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar um auðkenni hluthafans, sem félagið hefur aflað samkvæmt 1. mgr.

Sé um að ræða keðju milliliða skal beiðni félags um upplýsingar samkvæmt 1. mgr., eða beiðni þriðja aðila sem félagið tilnefnir, send milli milliliða án tafar og skal milliliðurinn, sem hefur undir höndum upplýsingarnar sem beiðt er um varðandi auðkenningu hluthafa, senda þær beint og án tafar til félagsins eða til þriðja aðila sem félagið tilnefnir. Félagið getur fengið upplýsingar um auðkenni hluthafa samkvæmt 1. mgr. frá hverjum þeim millilið í keðjunni sem býr yfir upplýsingunum.

Félag og milliliður mega varðveita upplýsingar um hluthafa samkvæmt 1. mgr. í 12 mánuði eftir að þeim varð ljóst að viðkomandi aðili er ekki lengur hluthafi í félaginu, nema kveðið sé á um annað í lögum.

Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari grein skal samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og skal eingöngu vera í þeim tilgangi að félag geti staðfest auðkenni hluthafa sinna og haft beint samband við þá í því skyni að auðvelda þeim að neyta réttinda sinna og þátttöku í hluthafafundi hjá félaginu.

c. (30. gr. c.)

Miðlun upplýsinga.

Félagi þar sem hlutabréf þess hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði ber að veita millilið tímanlega og með stöðluðum hætti þær upplýsingar sem félaginu er skylt að veita hluthöfum og beint er til allra hluthafa hlutabréfa í sama flokki, til að gera þeim kleift að neyta þeirra réttinda sem fylgja hlutabréfunum. Ef umræddar upplýsingar eru að finna á vefsíðu félagsins getur félagið í staðinn tilkynnt hvar á vefsíðu þess má finna umræddar upplýsingar.

Milliliður skal án tafar senda hluthafa eða þriðja aðila sem hluthafinn hefur tilnefnt upplýsingar sem félaginu ber að veita hluthafanum til þess að gera honum kleift að neyta þeirra réttinda sem fylgja hlutabréfum hans, og beint er til allra hluthafa hlutabréfa í þeim flokki. Ef umræddar upplýsingar eru að finna á vefsíðu félagsins skal milliliður í staðinn tilkynna hvar á vefsíðu félagsins umræddar upplýsingar er að finna. Milliliður skal senda upplýsingarnar tímanlega og með stöðluðum hætti. Sé um að ræða keðju milliliða skulu upplýsingarnar sendar án tafar milli milliliða nema milliliður geti sent upplýsingarnar beint til hluthafans eða þriðja aðila sem hluthafinn hefur tilnefnt.

Félagi er ekki skylt að senda upplýsingar samkvæmt 1. mgr. til milliliðar ef félagið sendir upplýsingarnar eða tilkynninguna beint til allra hluthafa sinna eða til þriðja aðila sem hluthafinn hefur tilnefnt. Í slíkum tilvikum fellur einnig niður skylda milliliðar samkvæmt 2. mgr.

d. (30. gr. d.)

Milliliður skal senda upplýsingar frá hluthöfunum er varða nýtingu réttinda sem fylgja hlutabréfum þeirra án tafar til félagsins, í samræmi við fyrirmæli sem þeir fá frá hluthöfunum.

Þegar um er að ræða keðju milliliða skulu upplýsingar samkvæmt 1. mgr. sendar án tafar milli milliliða nema milliliður geti sent upplýsingarnar beint til félagsins.

e. (30. gr. e.)

Hluthafa auðveldað að neyta réttinda sinna.

Milliliður skal auðvelda hluthafa í félagi þar sem hlutabréf þess hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði að neyta réttinda sinna, þ.m.t. réttarins til að taka þátt í og greiða atkvæði á hluthafafundum. Milliliður skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hluthafinn eða þriðji aðili sem hluthafinn hefur tilnefnt geti sjálfur neytt réttinda sinna. Milliliður getur neytt réttindanna sem fylgja hlutabréfunum með sérstakri heimild og fyrirmælum frá hluthafanum og í þágu hluthafans.

Berist millilið rafræn staðfesting frá félagi á móttöku atkvæðis og að félagið hafi réttilega skráð og talið atkvæði hans á fundinum skal hann senda staðfestinguna án tafar til hluthafans eða þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir. Sé um að ræða keðju milliliða skulu staðfestingar samkvæmt 1. og 2. mgr. sendar án tafar milli milliliða nema milliliður geti sent staðfestingu beint til hluthafans eða þriðja aðila sem hluthafinn hefur tilnefnt.

f. (30. gr. f.)

Félag þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði skal við rafræna atkvæðagreiðslu á hluthafafundi senda þeim aðila sem greiðir atkvæði rafræna staðfestingu á móttöku atkvæðis.

Berist félagi beiðni frá hluthafa eða þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir um staðfestingu á því að félagið hafi réttilega skráð og talið atkvæði hans á fundinum skal félagið verða við beiðninni. Beiðnin skal berast félaginu innan 4 vikna frá því atkvæðið var greitt á hluthafafundinum. Félagi er ekki skylt að verða við beiðni hluthafa eða þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir ef upplýsingarnar eru honum þegar aðgengilegar.

g. (30. gr. g.)

Millilið er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sem veitt er samkvæmt þessum kafla. Gjaldið skal vera í réttu hlutfalli við raunverulegan kostnað við að veita þjónustuna. Milliliður skal birta á vefsvæði sínu gjaldskrá.

h. (30. gr. h.)

Lögfesting.

Ákvæði framkvæmdareglugerðar (ESB) 2018/1212 frá 3. september 2018 um lágmarkskröfur varðandi framkvæmd ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB að því er varðar auðkenningu hluthafa, sendingu upplýsinga og að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2023 frá 28. september 2023, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 240 frá 25. september 2023, bls. 115, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við EES-samninginn, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

2. gr.

79. gr. a laganna fellur á brott og í staðinn kemur inn eftirfarandi ákvæði:

Félagsstjórn í félagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal samþykkja starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til meðlima félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins.

Hluthafar greiða atkvæði um starfskjarastefnuna á aðalfundi félagsins við hverja mikilvæga breytingu á stefnunni og að minnsta kosti á fjögurra ára fresti.

Þegar samið er um laun og aðrar greiðslur til meðlima félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, samningur framlengdur eða breyttur, skal fara eftir samþykkttri starfskjarastefnu félagsins, sbr. þó 5. mgr. 79. gr. b.

Ef aðalfundur samþykkir ekki starfskjarastefnu sem hefur verið lögð fram á fundinum skal stjórn félagsins leggja fram endurskoðaða stefnu til samþykktar á hluthafafundi eigi síðar en á næsta aðalfundi. Félag getur haldið áfram að greiða meðlimum félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og öðrum sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins í samræmi við fyrirliggjandi framkvæmd þar til ný starfskjarastefna hefur verið samþykkt af hluthafafundi.

Eftir að hluthafafundur hefur samþykkt starfskjarastefnu félagsins skal stefnan, ásamt dagsetningu og niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar, birt tafarlaust á vefsíðu félagsins og vera aðgengileg öllum, án endurgjalds, a.m.k. meðan hún gildir.

3. gr.

Á eftir 79. gr. a kemur ný grein, 79. gr. b, svohljóðandi:

Starfskjarastefnan skv. 79. gr. a skal vera skýr og skiljanleg og stuðla að viðskiptaáætlun félagsins og langtímahagsmunum og sjálfbærni. Í starfskjarastefnunni skulu eftirfarandi atriði koma fram:

1. Útskýring á því hvernig starfskjarastefnan stuðlar að viðskiptaáætlun félagsins, langtímahagsmunum þess og sjálfbærni.
2. Lýsing á mismunandi þáttum fastra og breytilegra starfskjara, þ.m.t. kaupaukar og önnur kjör, í hvaða mynd sem er, sem veita má meðlimum félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins. Tilgreina þarf innbyrðis hlutföll starfskjaranna.
3. Útskýring á því hvernig tekið var tillit til launa- og ráðningarskilmála starfsmanna félagsins þegar starfskjarastefna félagsins var unnin.
4. Útlistun á gildistíma samninga og samkomulags við meðlimi félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins og uppsagnarfresti sem í gildi eru í umræddum samningum og samkomulögum. Tilgreina þarf einnig helstu eiginleika kerfis um viðbótarlífeyri og snemmtekin eftirlaun og skilmála uppsagnar og greiðslna sem tengjast uppsögn.
5. Útskýring á ákvörðunartökuferlinu sem fylgt er við ákvarðanir, endurskoðun og framkvæmd, þ.m.t. ráðstafanir til að komast hjá eða stjórna hagsmunaárekstrum og, þegar við á, hlutverk starfskjaranefndarinnar eða annarra viðkomandi nefnda.

Þegar félag veitir breytileg starfskjör skal fastsetja skýrar, ítarlegar og breytilegar viðmiðanir í starfskjarastefnunni um breytileg starfskjör. Þar skal tilgreina:

1. Viðmiðanir vegna rekstrarárangurs og annars árangurs, þ.m.t., eftir því sem við á, viðmiðanir sem varða samfélagslega ábyrgð fyrirtækja ásamt skýringu á því hvernig þær stuðla að viðskiptaáætlun félagsins, langtímahagsmunum þess og sjálfbærni, og aðferðirnar sem notaðar verða til að ákvarða að hvaða marki árangursviðmiðunum hefur verið fullnægt.
2. Upplýsingar um frestunartímabil ef um þau er að ræða og möguleikann á því að félagið endurheimti breytileg starfskjör.

Þegar starfskjör félags eru eignarhlutatengd skal í starfskjarastefnunni tilgreina ávinnslutímabil og, þegar við á, geymslutíma hlutabréfa eftir ávinnslu og útskýra hvernig

eignarhlutatengd starfskjör stuðla að viðskiptaáætlun félagsins, langtímahagsmunum þess og sjálfbærni verði náð.

Þegar starfskjarastefnan er endurskoðuð skal í henni lýsa og útskýra allar mikilvægar breytingar. Í lýsingunni skal tilgreina hvernig tekið var tillit til atkvæðagreiðslna og álits hluthafa um starfskjarastefnuna og ef við á starfskjaraskýrslurnar skv. 79. gr. c frá síðustu atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu á hluthafafundi félagsins.

Félagsstjórn getur vikið frá starfskjarastefnunni tímabundið við sérstakar aðstæður, svo fremi að starfskjarastefnan tilgreini þau skilyrði um málsmeðferð sem gilda þegar víkja á frá starfskjarastefnunni og þá þætti stefnunnar sem heimilt er að víkja frá við sérstakar aðstæður. Með sérstökum aðstæðum í þessu sambandi er aðeins átt við þær aðstæður þar sem frávík frá starfskjarastefnunni er nauðsynleg til að þjóna megi langtímahagsmunum og sjálfbærni félagsins í heild eða tryggja rekstrarhæfi þess.

4. gr.

Á undan 80. gr. kemur ný grein, 79. gr. c, svohljóðandi með fyrirsögn:

Starfskjaraskýrsla.

Félag þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði skal taka saman skýra og skiljanlega starfskjaraskýrslu í samræmi við starfskjarastefnuna, sem hefur að geyma heildstætt yfirlit yfir öll starfskjör í hvaða mynd sem er sem veitt eru einstaka meðlimum félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, þ.m.t. nýráðnum og fyrrverandi stjórnendum. Tilgreina þarf einnig þau starfskjör sem framangreindir aðilar eiga inni á undangengnu fjárhagsári.

Starfskjaraskýrslan má ekki innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar um einstaka meðlimi félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins í skilningi í skilningi 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eða persónuupplýsingar sem vísa til fjölskylduaðstæðna þeirra.

Félagsstjórn ber ábyrgð á því að tekin sé til starfskjaraskýrsla í samræmi við starfskjarastefnu félagsins og hún birt opinberlega.

Eftir atvikum skal starfskjaraskýrslan innihalda eftirfarandi upplýsingar varðandi starfskjör hvers og eins meðlima félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins:

1. Heildarlaunagreiðslur sundurliðaðar eftir þáttum, innbyrðis hlutföll fastra og breytilegra launa, skýringu á því hvernig heildarlaunagreiðslur eru í samræmi við samþykktu starfskjarastefnu, þ.m.t. hvernig hún stuðlar að langtímaárangri félagsins, og upplýsingar um hvernig árangursviðmiðunum var beitt.
2. Árleg breyting á starfskjörum, árangri félagsins og meðallaunagreiðslum á grundvelli þess að starfsfólk, annað en meðlimir félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, hafi að jafnaði verið í fullu starfi hjá félaginu síðustu fimm fjárhagsár, birt saman með þeim hætti að samanburður er mögulegur.
3. Launagreiðslur frá félögum sem tilheyra sömu samstæðu samkvæmt 33. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
4. Fjöldi hlutabréfa og hlutabréfavalréttar sem látnir eru í té eða eru í boði og helstu skilyrði þess að neyta réttarins, þ.m.t. nýtingarverð og dagsetningu og hvers kyns breytingar á því.
5. Upplýsingar um að nota möguleikann á að endurheimta breytileg starfskjör.

6. Upplýsingar um hvers konar frávik frá ákvörðunartökuferlinu vegna framkvæmdar starfskjarastefnunnar sem um getur í 5. tölul. 1. mgr. 79. gr. a, þ.m.t. útskýring á því hvers eðlis undantekningartilvikin eru og upplýsingar um þá sérstöku þætti sem vikið er frá.

Greiða skal atkvæði um starfskjaraskýrslu á aðalfundi félags. Í starfskjaraskýrslu næstliðins árs skal útskýra hvernig tekið hefur verið tillit til atkvæðagreiðslu um starfskjaraskýrslu á aðalfundinum.

Eins fljótt og auðið er eftir aðalfund félagsins skal starfskjaraskýrslan gerð aðgengileg öllum á vefsíðu félagsins í 10 ár, án endurgjalds. Starfskjaraskýrslan getur verið aðgengileg í lengri tíma svo fremi að hún geymi ekki lengur persónuupplýsingar.

5. gr.

Á eftir 96. gr. laganna kemur nýr kafli, X. kafli A, **Gagnsæi og samþykki fyrir viðskiptum tengdra aðila**, með nýrri grein, 96. gr. a svohljóðandi:

(96. gr. a)

Í félagi þar sem hlutabréf þess hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði á Evrópska efnahagssvæðinu skulu mikilvæg viðskipti milli félagsins og tengdra aðila samþykkt af stjórn félags áður en viðskiptin eru framkvæmd. Stjórnarmaður sem tekur þátt í viðskiptum við tengda aðilann skal ekki taka þátt í samþykkt viðskiptanna. Stjórn félags skal setja verklagsreglur til að tryggja hagsmuni félagsins og hluthafa sem ekki eru tengdir aðilar. Við mat á því hvað teljist mikilvæg viðskipti við tengdan aðila skal miða við öll viðskipti félagsins við sama tengda aðilann á viðkomandi reikningsári.

Tengdur aðili í skilningi þessa kafla er skilgreindur í samræmi við 41. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006.

Mikilvæg viðskipti í skilningi þessa ákvæðis teljast þau viðskipti þegar gangvirði viðskiptanna er 5% eða meira af heildareignum samkvæmt síðasta birta samstæðureikningi félagsins. Geri félagið ekki samstæðureikning skal útreikningurinn fara fram með hliðsjón af síðast birta ársreikningi félagsins. Ef félagið á í fleiri viðskiptum við sama tengda aðila á sama reikningsári eða sama 12 mánaða tímabili skal birting eiga sér stað þegar samtala þeirra viðskipta sem ekki hafa verið birt fer yfir 5% eða meira af heildareignum samkvæmt síðasta birta samstæðureikningi félagsins eða síðasta birta ársreikningi félagsins ef félagið gerir ekki samstæðureikninga.

Félagi ber að birta tilkynningu um mikilvæg viðskipti við tengdan aðila eins fljótt og auðið er eftir að samningur um viðskiptin hefur verið gerður. Tilkynningin skal að lágmarki innihalda upplýsingar um eðli tengsla félagsins við tengda aðila, nafn tengds aðila, dagsetningu samnings um viðskiptin, gangvirði viðskipta og önnur atriði sem nauðsynleg eru til að meta hvort viðskiptunum hefur verið lokið á skilmálum sem verða að teljast sanngjarnir fyrir félagið og fyrir þá hluthafa sem ekki eru tengdir aðilar. Birting skal fara fram á vefsíðu félagsins þar sem tilkynning skal vera aðgengileg almenningi í 5 ár.

1. - 4. mgr. taka ekki til viðskipta sem eru liður í venjulegum viðskiptum félagsins á eðlilegum viðskiptakjörum. Stjórn félags skal setja verklagsreglur um reglubundið mat á því hvort viðskipti falli undir 1. málsl. Tengdir aðilar sem viðskiptin hafa áhrif á mega ekki taka þátt í matinu. 1. - 4. mgr. eiga auk þess ekki við um:

1. Viðskipti milli félags og dótturfélaga þess nema tengdir aðilar eigi hagsmuna að gæta í dótturfélagi.
2. Skýrt skilgreindar tegundir viðskipta, sem verða að vera samþykktar af hluthafafundi félags.

3. Viðskipti er varða starfskjör meðlima félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, sbr. 79. gr. a.
 4. Viðskipti sem lánastofnanir framkvæma á grundvelli ráðstafana sem miða að því að vernda stöðugleika þeirra og Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt.
 5. Viðskipti sem öllum hluthöfum bjóðast á jöfnum kjörum, þannig að tryggt sé jafnræði allra hluthafa og hagsmuna félagsins.
3. - 5. mgr. gilda um viðskipti milli tengdra aðila félags og dótturfélaga þess.
1. - 6. mgr. skulu ekki hafa áhrif á reglur um birtingu innherjaupplýsinga samkvæmt 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021.

6. gr.

Á eftir 104. gr. laganna kemur nýr kafli, XII. kafli A, **Gagnsæi stofnanafjárfesta, aðila sem veita eignarstýringarþjónustu og umboðsráðgjafa**, með fimm nýjum greinum, 104. gr. a – 104. gr. f, ásamt millifyrirsögnum sem er svohljóðandi:

a. (104. gr. a)

Ákvæði þessa kafla gilda um:

1. Stofnanafjárfesta, að því marki sem þeir fjárfesta beint eða fyrir milligöngu aðila sem veitir eignarstýringarþjónustu í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði.
2. Aðila sem veita eignarstýringarþjónustu, að því marki sem þeir fjárfesta í slíkum hlutabréfum fyrir hönd fjárfesta.
3. Umboðsráðgjafa, að því marki sem þeir veita hluthöfum þjónustu að því er varðar hlutabréf í félögum sem hafa skráða skrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlutabréf þeirra hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins.
4. Umboðsráðgjafa sem eru hvorki með skráða skrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins né aðalskrifstofu á svæðinu en annast starfsemi sína í gegnum fyrirtæki sem staðsett er innan Evrópska efnahagssvæðisins og veita hluthöfum þjónustu að því er varðar hlutabréf í félögum sem hafa skráða skrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlutabréf þeirra hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Stofnanafjárfestir merkir í þessum kafla váttryggingafélag með starfsleyfi í líftryggingum skv. 21. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, váttryggingafélag með starfsleyfi til endurtryggingastarfsemi skv. 22. gr. sömu laga vegna starfsemi félagsins í endurtryggingum líftrygginga, svo fremi sem starfsemin sé ekki undanþegin gildissviði laganna, sbr. 3. gr., og starfstengdur eftirlaunasjóður í skilningi laga um starfstengda eftirlaunasjóði, nr. 74/2025.

Aðili sem veitir eignarstýringarþjónustu merkir í þessum kafla:

1. Verðbréfafyrirtæki skv. 65. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, þegar það veitir fjárfestum eignarstýringarþjónustu.
2. Lánastofnun skv. 35. tölul. 1. mgr. 1. gr. b laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi, sbr. 4. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, og veitir fjárfestum eignarstýringarþjónustu.
3. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skv. 18. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.
4. Rekstraraðili skv. 25. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

Umboðsráðgjafi merkir í þessum kafla lögaðili sem greinir, á faglegum og viðskiptalegum forsendum, upplýsingagjöf félags sem hefur hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins og með skráða skrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins, ef við á, aðrar upplýsingar um félagið í því skyni að gefa hluthöfum færi á að taka upplýstar ákvarðanir varðandi atkvæðagreiðslu í félaginu með því að undirbúa rannsóknir, ráðgjöf eða ráðleggingar varðandi nýtingu atkvæðisréttar.

b. (104. gr. b)

Þáttökustefna.

Stofnanafjárfestar og aðilar sem veita eignarstýringarþjónustu skulu móta og birta opinberlega þáttökustefnu þar sem lýst er með hvaða hætti þeir fella þáttöku sína inn í fjárfestingaráætlun sína. Þáttökustefnan skal hafa að geyma lýsingu á hvernig fylgst er með þeim félögum sem fjárfest er í hvað varðar stefnu, rekstrarárangur og annan árangur og áhættu, fjármagnsuppbyggingu, félagsleg áhrif og umhverfisáhrif og stjórnaðhætti. Þáttökustefna skal einnig hafa að geyma lýsingu á eftirfarandi málefnum:

1. Hvernig viðræðum er háttað við þau félög sem fjárfest er í.
2. Með hvaða hætti atkvæðisréttar og annarra réttinda sem fylgja hlutabréfum er neytt.
3. Með hvaða hætti samstarfi við aðra hluthafa er háttað.
4. Hvernig háttað er samskiptum við hagsmunaaðila félags sem fjárfest er í.
5. Hvernig tekist er á við hagsmunaárekstra og hættu á hagsmunaárekstrum með tilliti til þáttöku þeirra.

Stofnanafjárfestar og aðilar sem veita eignastýringarþjónustu skulu árlega birta opinberlega upplýsingar um hvernig þáttökustefna þeirra hefur verið framkvæmd, þ.m.t. almenna lýsingu á atkvæðagreiðslum, útskýringu á þýðingarmestu atkvæðagreiðslunum og hvernig þjónusta umboðsráðgjafa var nýtt. Jafnframt skal birta opinberlega upplýsingar um það hvernig þeir greiddu atkvæði á hluthafafundum félaga sem þeir eiga hlutabréf í. Heimilt er að undanskilja slíkri birtingu upplýsingar um atkvæðagreiðslur sem eru lítilvægar hvað varðar viðfangsefni atkvæðagreiðslunnar eða stærð eignarhlutar í viðkomandi félagi.

Í stað þeirra upplýsinga sem birta skal samkvæmt 1. og 2. mgr. er stofnanafjárfesti og aðila sem veitir eignarstýringarþjónustu heimilt að birta opinberlega skýra og rökstudda útskýringu á því hvers vegna þeir hafa valið að uppfylla ekki eina eða fleiri af kröfum málsgreinanna.

Upplýsingar sem vísað er til í 1.-2. mgr. skulu birta opinberlega og án endurgjalds á vefsíðu stofnanafjárfestis eða aðila sem veitir eignastýringarþjónustu.

Þegar aðili sem veitir eignastýringarþjónustu framkvæmir þáttökustefnu fyrir hönd stofnanafjárfestis, þ.m.t. atkvæðagreiðslu, skal stofnanafjárfestirinn vísa til þess hvar aðilinn sem veitir eignastýringarþjónustu hefur birt slíkar upplýsingar um atkvæðagreiðslu.

Þær kröfur sem gerðar eru til stofnanafjárfesta og aðila sem veita eignastýringarþjónustu vegna hagsmunaárekstra í öðrum lögum skulu einnig gilda um þáttöku þessara aðila samkvæmt þessari grein.

c. (104. gr. c)

Fjárfestingaráætlun stofnanafjárfesta og samkomulag við aðila sem veita eignastýringarþjónustu.

Stofnanafjárfestar skulu birta opinberlega upplýsingar um það hvernig helstu þættir áætlunar þeirra varðandi fjárfestingar í hlutabréfum eru í samræmi við lýsingu og gildistíma skuldbindinga þeirra, einkum langtímaskuldbindinga, og hvernig þeir stuðla að árangri af eignum þeirra til meðallangs og langs tíma.

Þegar aðili sem veitir eignastýringarþjónustu fjárfestir fyrir hönd stofnana fjárfestis, hvort heldur er sérstaklega fyrir hvern viðskiptavin eða gegnum sjóð um sameiginlega fjárfestingu, skal stofnana fjárfestirinn birta opinberlega eftirfarandi upplýsingar varðandi samkomulag sitt við aðilann sem veitir eignarstýringarþjónustuna:

1. Hvernig samkomulagið við aðilann, sem veitir eignastýringarþjónustu, hvetur hann til að laga fjárfestingaráætlun sína og ákvarðanir að lýsingu og gildistíma skuldbindinga stofnana fjárfestisins, einkum langtímaskuldbindinga.
2. Hvernig það samkomulag fær aðilann sem veitir eignastýringarþjónustu til að taka ákvarðanir um fjárfestingar á grundvelli mats um rekstrarárangur og annan árangur félagsins sem fjárfest er í til meðallangs og langs tíma og starfa með félögum sem fjárfest er í til þess að bæta árangur þeirra til meðallangs og langs tíma.
3. Hvernig matsaðferð og tímabil mats á árangri aðilans sem veitir eignastýringarþjónustu og þóknun fyrir eignastýringarþjónustu eru í samræmi við lýsingu og gildistíma skuldbindinga stofnana fjárfestisins, einkum langtímaskuldbindinga, og að tekið sé tillit til raunverulegs langtímaárangurs.
4. Hvernig stofnana fjárfestirinn fylgist með veltukostnaði eignasafns sem aðilinn sem veitir eignastýringarþjónustu stofnar til og hvernig hann skilgreinir og fylgist með veltu eignasafns eða veltubili.
5. Gildistíma samkomulagsins við aðilann sem veitir eignastýringarþjónustu.

Þegar samkomulagið við aðilann sem veitir eignastýringarþjónustu inniheldur ekki einn eða fleiri þætti talda upp í 1. og 2. mgr. skal stofnana fjárfestirinn gefa skýra og rökstudda skýringu á því hvers vegna svo er.

Upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skulu vera aðgengilegar og veittar án endurgjalds á vefsíðu stofnana fjárfestisins og skulu uppfærðar árlega nema engar efnislegar breytingar hafi verið gerðar. Vátryggingafélögum sem teljast vera stofnana fjárfestar er heimilt að setja þessar upplýsingar í skýrslu sína um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, skv. 54. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

d. (104. gr. d)

Gagnsæi aðila sem veita eignastýringarþjónustu.

Aðilar sem veita eignastýringarþjónustu skulu árlega veita stofnana fjárfestum sem þeir hafa gert við samkomulag skv. 104. gr. c upplýsingar um það hvernig fjárfestingaráætlun þeirra og framkvæmd hennar sé í samræmi við samkomulagið og stuðli að árangri af eignum eða fjármagni stofnana fjárfestisins til meðallangs eða lengri tíma. Meðal annars skal veita upplýsingar um eftirfarandi þætti:

1. Mikilvægustu áhættuþættir í tengslum við fjárfestingarnar til meðallangs og lengri tíma.
2. Samsetningu eignasafns.
3. Veltu og veltukostnað.
4. Hvort nýtt sé þjónusta umboðsráðgjafa vegna þátttöku og stefnu þeirra varðandi verðbréfalánveitingu og þá hvernig hún er notuð, m.a. á hluthafafundi félaganna sem fjárfest er í.
5. Hvort og þá hvernig tekin er ákvörðun um fjárfestingar á grundvelli mats á árangri félagsins sem fjárfest er í til meðallangs og lengri tíma, þ.m.t. árangri sem varðar annan árangur en rekstrarárangur félagsins.

6. Hvort og þá hvaða hagsmunaárekstrar hafa orðið í tengslum við þátttöku aðila sem veita eignastýringarþjónustu vegna fjárfestinganna og hvernig þeir hafa brugðist við þeim.

Heimilt er að birta upplýsingar samkvæmt 1. mgr. með ársreikningi, skv. 54. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, og 45. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, eða með reglubundnum tilkynningum skv. 2. mgr. 46. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

Ef upplýsingar sem birta skal samkvæmt 1. mgr. eru þegar birtar opinberlega er þess ekki krafist að aðilinn sem veitir eignastýringarþjónustu veiti stofnanafjárfestinum upplýsingarnar með beinum hætti.

Þegar aðili sem veitir eignastýringarþjónustu fjárfestir fyrir hönd stofnanafjárfestis gegnum sjóð um sameiginlega fjárfestingu ber honum að veita öðrum fjárfestum í sjóðnum upplýsingarnar sem veittar eru stofnanafjárfestinum skv. 1. mgr., ef óskað er sérstaklega eftir því.

Gagnsæi umboðsráðgjafa.

- e. (104. gr. e)

Upplýsingar um háttarnisreglur umboðsráðgjafa.

Umboðsráðgjafi skal birta opinberlega á vefsíðu sinni tilvísanir í þær háttarnisreglur sem hann beitir og upplýsa um beitingu þeirra.

Hafi umboðsráðgjafi ekki sett sér háttarnisreglur skal hann gefa skýra og rökstudda skýringu á því og af hverju svo er. Hafi umboðsráðgjafi sett sér háttarnisreglur en vikið frá háttarnisreglunum í heild eða hluta skal hann greina frá hvaða hlutum hann vék frá, gefa skýringar á því frávik og tilgreina, ef við á, til hvaða annarra ráðstafana gripið var til.

Upplýsingar sem eru tilgreindar í 1. og 2. mgr. skulu vera aðgengilegar öllum, án endurgjalds, á vefsíðu umboðsráðgjafa og uppfærðar árlega.

- (104. gr. f)

Árleg upplýsingagjöf til viðskiptavina umboðsráðgjafa.

Umboðsráðgjafi skal árlega birta opinberlega á vefsíðu sinni eftirfarandi upplýsingar í tengslum við undirbúning þeirra fyrir rannsókn, ráðgjöf og ráðleggingar vegna atkvæðagreiðslu:

1. Grundvallarþættir varðandi aðferðafræðina og líkönin sem þeir nota.
2. Helstu upplýsingaveitur sem hann notar.
3. Verklagsreglur sem settar eru til að tryggja gæði rannsókna, ráðgjafar og ráðlegginga vegna atkvæðagreiðslna og menntunar og hæfni starfsfólks umboðsgjafa sem veita viðskiptavinum umrædda þjónustu.
4. Hvort og, ef svo er, hvernig þeir taka tillit til skilyrða á innlendum markaði, lagalegra skilyrða, eftirlitsskilyrða og fyrirtækjabundinna skilyrða.
5. Grundvallarþættir stefnu varðandi atkvæðagreiðslu sem notaðir eru fyrir hvern markað.
6. Hvort haft er samráð við félög sem eru viðfang rannsókna, ráðgjafar eða ráðlegginga vegna atkvæðagreiðslna og við hagsmunaaðila viðkomandi félags, og, ef svo er, umfang og eðli samráðsins.
7. Stefnuna varðandi það að koma í veg fyrir og stjórna hugsanlegum hagsmunaárekstrum.

Upplýsingar samkvæmt 1. mgr. skulu vera aðgengilegar öllum á vefsíðu umboðsráðgjafa án endurgjalds í a.m.k. þrjú ár frá birtingardegi. Upplýsingarnar þarf ekki að birta sérstaklega ef þær eru aðgengilegar sem hluti af birtingu samkvæmt 104. gr. e.

II. KAFLI

Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994

7. gr.

54. gr. a lagannafellur á brott og í staðinn kemur inn eftirfarandi ákvæði:

Félagsstjórn í félagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal samþykkja starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til meðlima félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins.

Hluthafar greiða atkvæði um starfskjarastefnuna á aðalfundi félagsins við hverja mikilvæga breytingu á stefnunni og að minnsta kosti á fjögurra ára fresti.

Þegar samið er um laun og aðrar greiðslur til meðlima félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, samningur framlengdur eða breyttur, skal fara eftir samþykkttri starfskjarastefnu félagsins, sbr. þó 5. mgr. 54. gr. b.

Ef aðalfundur samþykkir ekki starfskjarastefnu sem hefur verið lögð fram á fundinum skal stjórn félagsins leggja fram endurskoðaða stefnu til samþykktar á hluthafafundi eigi síðar en á næsta aðalfundi. Félag getur haldið áfram að greiða meðlimum félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og öðrum sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins í samræmi við fyrirliggjandi framkvæmd þar til ný starfskjarastefna hefur verið samþykkt af hluthafafundi.

Eftir að hluthafafundur hefur samþykkt starfskjarastefnu félagsins skal stefnan, ásamt dagsetningu og niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar, birt tafarlaust á vefsíðu félagsins og vera aðgengileg öllum, án endurgjalds, a.m.k. meðan hún gildir.

8. gr.

Á eftir 54. gr. a kemur ný grein, 54. gr. b, svohljóðandi:

Starfskjarastefnan skv. 54. gr. a skal vera skýr og skiljanleg og stuðla að viðskiptaáætlun félagsins og langtímahagsmunum og sjálfbærni. Í starfskjarastefnunni skulu eftirfarandi atriði koma fram:

1. Útskýring á því hvernig starfskjarastefnan stuðlar að viðskiptaáætlun félagsins, langtímahagsmunum þess og sjálfbærni.
2. Lýsing á mismunandi þáttum fastra og breytilegra starfskjara, þ.m.t. kaupaukar og önnur kjör, í hvaða mynd sem er, sem veita má meðlimum félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins. Tilgreina þarf innbyrðis hlutföll starfskjaranna.
3. Útskýring á því hvernig tekið var tillit til launa- og ráðningarskilmála starfsmanna félagsins þegar starfskjarastefna félagsins var unnin.
4. Útlistun á gildistíma samninga og samkomulags við meðlimi félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins og uppsagnarfresti sem í gildi eru í umræddum samningum og

samkomulögum. Tilgreina þarf einnig helstu eiginleika kerfis um viðbótarlífeyri og snemmtækin eftirlaun og skilmála uppsagnar og greiðslna sem tengjast uppsögn.

5. Útskýring á ákvörðunartökuferlinu sem fylgt er við ákvarðanir, endurskoðun og framkvæmd, þ.m.t. ráðstafanir til að komast hjá eða stjórna hagsmunaaðrekstrum og, þegar við á, hlutverk starfskjaranefndarinnar eða annarra viðkomandi nefnda.

Þegar félag veitir breytileg starfskjör skal fastsetja skýrar, ítarlegar og breytilegar viðmiðanir í starfskjarastefnunni um breytileg starfskjör. Þar skal tilgreina:

1. Viðmiðanir vegna rekstrarárangurs og annars árangurs, þ.m.t., eftir því sem við á, viðmiðanir sem varða samfélagslega ábyrgð fyrirtækja ásamt skýringu á því hvernig þær stuðla að viðskiptaáætlun félagsins, langtímahagsmunum þess og sjálfbærni, og aðferðirnar sem notaðar verða til að ákvarða að hvaða marki árangursviðmiðunum hefur verið fullnægt.
2. Upplýsingar um frestunartímabil ef um þau er að ræða og möguleikann á því að félagið endurheimti breytileg starfskjör.

Þegar starfskjör félags eru eignarhlutatengd skal í starfskjarastefnunni tilgreina ávinnslutímabil og, þegar við á, geymslutíma hlutabréfa eftir ávinnslu og útskýra hvernig eignarhlutatengd starfskjör stuðla að viðskiptaáætlun félagsins, langtímahagsmunum þess og sjálfbærni verði náð.

Þegar starfskjarastefnan er endurskoðuð skal í henni lýsa og útskýra allar mikilvægar breytingar. Í lýsingunni skal tilgreina hvernig tekið var tillit til atkvæðagreiðslna og álits hluthafa um starfskjarastefnuna frá síðustu atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu á hluthafafundi félagsins.

Félagsstjórn getur vikið frá starfskjarastefnunni tímabundið við sérstakar aðstæður, svo fremi að starfskjarastefnan tilgreini þau skilyrði um málsmeðferð sem gilda þegar víkja á frá starfskjarastefnunni og þá þætti stefnunnar sem heimilt er að víkja frá við sérstakar aðstæður. Með sérstökum aðstæðum í þessu sambandi er aðeins átt við þær aðstæður þar sem frávik frá starfskjarastefnunni er nauðsynleg til að þjóna megi langtímahagsmunum og sjálfbærni félagsins í heild eða tryggja rekstrarhæfi þess.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2026.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvegaráðuneytinu. Með frumvarpinu eru innleidd ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/828 frá 17. maí 2017 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma (hér eftir SRD II). Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2020 frá 11. desember 2020. Ákvörðunin var birt í EES-viðbæti við stjórnartíðindi Evrópusambandsins 28. september 2023.

Að vinnslu frumvarpsins kom óformlegur vinnuhópur sem í áttu sæti fulltrúar fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, Kauphallar Íslands, Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins. Frumvarpið var einnig kynnt fjármála- og efnahagsráðuneyti og öðrum aðilum við vinnslu þess, eins og fjallað er um í samráðskafli.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innleidd verði í íslenskan rétt ákvæði SRD II um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til langs tíma. Tilskipunin felur í sér breytingar og viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB (hér eftir SRD I), sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 126/2009 um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

SRD I, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2008, miðaði að því að auka réttindi hluthafa í félögum sem hafa fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Með þeirri innleiðingu voru festar í lög reglur sem tryggja áttu jafnræði hluthafa, bæta upplýsingagjöf fyrir hluthafafundi og auðvelda beitingu atkvæðisréttar, þ.m.t. með rafrænum hætti og í gegnum umboðsmenn.

Með SRD II er byggt ofan á þennan grunn, en sjónum einkum beint að því að hvetja til langtímaþátttöku hluthafa og auka gagnsæi í samskiptum félaga og fjárfesta. Tilefni tilskipunarinnar má rekja til þess mats Evrópusambandsins, sem m.a. byggir á reynslu af fjármálakreppunni, að hluthafar hafi í of miklum mæli stutt við skammtímaáhættusækni stjórnenda. Þá hafi eftirlit og aðkoma stofnana fjárfesta og eignastýringaraðila oft verið ófullnægjandi og miðast um of við skammtímaávöxtun, sem getur leitt til lakari stjórnarhátta og verri afkomu fyrirtækja til lengri tíma litið.

Til að bregðast við þessu kveður SRD II á um sértækar ráðstafanir sem miða að því að auðvelda félögum að bera kennsl á hluthafa sína og tryggja skilvirka miðlun upplýsinga milli félagsins og hluthafa í gegnum keðju milliliða. Jafnframt eru gerðar kröfur um aukið gagnsæi varðandi fjárfestingarstefnu stofnana fjárfesta og þeirra sem sinna eignastýringu, sem og starfsemi umboðsráðgjafa. Þá felur tilskipunin í sér nýjar reglur um starfskjarastefnu stjórnenda og aukin áhrif hluthafa á hana, auk reglna um gagnsæi og samþykki vegna viðskipta við tengda aðila. Markmiðið er að skapa nútímalegan lagaramma sem stuðlar að virkari hluthafaþátttöku og sjálfbærum rekstri félaga sem hafa hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Með SRD II voru gerðar veigamiklar breytingar á SRD I með það að markmiði að efla langtímaþátttöku hluthafa í félögum sem skráð eru á skipulegum markaði og auka gagnsæi í samskiptum þeirra við félög, fjárfesta og aðra markaðsaðila. Fjallað er um helstu nýmæli SRD II í samanburði við SRD I í köflum 2.1.-2.8. hér á eftir.

2.1 Aukin áhersla á langtímaþátttöku hluthafa

SRD I hafði aðallega að geyma reglur um grundvallarréttindi hluthafa, svo sem rétt til að taka þátt í hluthafafundum og greiða atkvæði. SRD II byggir á þeim grunni en leggur ríkari áherslu á að hvetja til virkrar og upplýstrar þátttöku hluthafa til lengri tíma. Reynslan af fjármálakreppunni leiddi í ljós að hluthafar studdu í mörgum tilvikum óhóflega áhættutöku stjórnenda til skamms tíma.

Með tilskipuninni er því markmiðið að tengja hagsmuni hluthafa betur við langtímahagsmuni félaga, stuðla að sjálfbærari stjórnarháttum og draga úr skammtímahugsun í rekstri. Virk þátttaka hluthafa er talin einn af hornsteinum stjórnarhátta félaga með hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði og mikilvægt aðhaldskerfi gagnvart stjórnendum. Tilskipunin miðar því að því að bæta fjárhagslega og ófjárhagslega afkomu félaga með því að

auka gagnsæi í allri fjárfestingarkeðjunni og tryggja að hluthafar hafi forsendur til að taka upplýstar ákvarðanir.

2.2 Auðkenning hluthafa og bætt upplýsingamiðlun

Í SRD II er kveðið á um rétt skráðra félaga til að bera kennsl á hluthafa sína til þess að geta átt í beinum samskiptum við þá. Hlutabréf í skráðum félögum eru oft varðveitt í gegnum flóknar keðjur milliliða (*e. intermediaries*), sem getur gert félögum erfitt fyrir að vita hverjir raunverulegir eigendur eru og hindrað hluthafa í að nýta réttindi sín. Auðkenning hluthafa er grundvallarforsenda þess að félag geti miðlað upplýsingum til þeirra og hvatt til þátttöku.

Tilskipunin leggur skyldur á milliliði til að miðla upplýsingum um auðkenni hluthafa til félagsins án tafar þegar eftir því er leitað. Þetta ákvæði er sérstaklega mikilvægt í millilandaviðskiptum þar sem keðja milliliða nær oft yfir landamæri. Jafnframt kveður tilskipunin á um að upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hluthafar geti nýtt réttindi sín, svo sem fundarboð og dagskrá, skuli berast hindrunarlaust frá félagi til hluthafa í gegnum keðju milliliða, og að upplýsingar frá hluthafa, t.d. atkvæði, skili sér til baka til félagsins.

2.3 Skyldur og gagnsæi milliliða

Í SRD II eru settar ítarlegri reglur um hlutverk milliliða, svo sem verðbréfafyrirtækja, lánastofnana og verðbréfamistöðva, sem veita þjónustu varðandi vörslu og umsýslu hlutabréfa. Þar sem milliliðir gegna lykilhlutverki í að tengja félög og hluthafa er þeim gert skylt að auðvelda nýtingu hluthafaréttinda, þar á meðal réttinn til að taka þátt í og greiða atkvæði á aðalfundum.

Til að auka traust á rafrænum atkvæðagreiðslum kveður tilskipunin á um að hluthafar eigi rétt á staðfestingu á því að atkvæði þeirra hafi borist, verið skráð og talin. Enn fremur er krafist gagnsæis varðandi gjaldtöku milliliða fyrir þjónustu sem tengist nýtingu hluthafaréttinda. Gjöld skulu vera sundurliðuð, í samræmi við raunkostnað og mega ekki mismuna eftir því hvort hluthafi er innlendur eða erlendur, til að hindra ekki fjárfestingar yfir landamæri.

2.4 Gagnsæiskröfur stofnanaþjárfesta og þeirra sem sinna eignastýringu

Stofnanaþjárfestar og þeir sem sinna eignastýringu eru mikilvægir hluthafar félaga sem hafa hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði og geta haft veruleg áhrif á stjórnarhætti þeirra. Með SRD II er lögð sú skylda á þessa aðila að þróa og birta opinberlega þátttökustefnu (*e. engagement policy*). Stefnan á að lýsa því hvernig þeir fella þátttöku hluthafa inn í fjárfestingaráætlun sína, hvernig þeir fylgjast með rekstri, áhættu og stjórnarháttum félaga sem fjárfest er í, og hvernig þeir nýta atkvæðisrétt sinn.

Tilskipunin gerir kröfu um að þessir aðilar birti árlega upplýsingar um hvernig stefnunni hefur verið framfylgt og hvernig atkvæði voru greidd í mikilvægum málum. Einnig þarf að upplýsa um hvernig fjárfestingaráætlun samræmist skuldbindingum til langs tíma. Markmiðið er að auka gagnsæi gagnvart endanlegum eigendum fjármuna og almenningi, og hvetja til ábyrgrar eigendastefnu. Beitt er reglunni „fylgdu eða útskýrðu“ (*e. comply or explain*), þannig að ef aðilar kjósa að birta ekki umræddar upplýsingar verða þeir að rökstyðja þá ákvörðun.

2.5 Reglur um umboðsráðgjafa (*e. proxy advisors*)

Umboðsráðgjafar gegna vaxandi hlutverki á verðbréfamörkuðum með því að veita fjárfestum greiningar, ráðgjöf og ráðleggingar um atkvæðagreiðslur. SRD II setur reglur til að tryggja áreiðanleika og gagnsæi í starfsemi þeirra. Þeim er gert skylt að upplýsa um siðareglur

sem þeir fylgja og gera grein fyrir aðferðafræði sinni, helstu upplýsingaveitum og hvernig þeir taka tillit til aðstæðna á innlendum mörkuðum.

Til að tryggja gæði ráðgjafarinnar verða umboðsráðgjafar jafnframt að greina frá og bregðast við mögulegum hagsmunaárekstrum sem geta haft áhrif á ráðgjöf þeirra. Með þessu er stefnt að því að fjárfestar geti treyst því að ráðgjöfin sé fagleg og óháð.

2.6 Réttur hluthafa til að hafa áhrif á starfskjarastefnu stjórnenda og stjórnarmanna félags

Tilskipunin kynnir nýjar og samræmdar reglur um þátttöku hluthafa í ákvörðunum um starfskjör stjórnenda („say on pay“). Markmiðið er að tryggja að launakerfi stuðli að langtímahagsmunum og sjálfbærni félagsins og séu í samræmi við afkomu þess. Kveðið er á um að hluthafar skuli hafa rétt til að greiða atkvæði um starfskjarastefnu félagsins, sem skal vera skýr og skiljanleg.

Tilskipunin gerir einnig kröfu um aukið gagnsæi með útgáfu árlegrar starfskjaraskýrslu (*e. remuneration report*). Skýrslan skal veita heildstætt yfirlit yfir öll laun og hlunnindi sem stjórnendum hafa verið veitt á liðnu ári. Til að hluthafar geti metið samhengi launaþróunar skal skýrslan sýna samanburð á breytingum á launum stjórnenda, afkomu félagsins og meðallaunum annarra starfsmanna yfir fimm ára tímabil.

2.7 Reglur um viðskipti við tengda aðila

SRD II felur í sér auknar kröfur um gagnsæi og málsmeðferð vegna viðskipta milli félags og tengdra aðila (*e. related party transactions*). Slík viðskipti geta falið í sér hættu á að verðmæti séu færð úr félaginu til skaða fyrir félagið sjálft og hluthafa sem ekki eru tengdir aðilar (minnihlutavernd).

Tilskipunin kveður á um að mikilvæg viðskipti við tengda aðila skuli háð samþykki stjórnar eða hluthafafundar, og að tryggt sé að tengdi aðilinn taki ekki þátt í ákvörðuninni. Jafnframt er gerð krafa um að félög birti opinberlega upplýsingar um slík viðskipti í síðasta lagi þegar þau eiga sér stað. Upplýsingarnar verða að vera nægilegar til að hluthafar geti metið hvort viðskiptin séu sanngjörn og á eðlilegum kjörum.

2.8 Framkvæmdareglugerð veitt lagagildi

Með frumvarpinu er veitt lagagildi framkvæmdareglugerð (ESB) 2018/1212 frá 3. september 2018 um lágmarkskröfur varðandi framkvæmd ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB að því er varðar auðkenningu hluthafa, sendingu upplýsinga og að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með það að markmiði að innleiða í íslenskan rétt ákvæði SRD II. Meginefni frumvarpsins lýtur að því að auka gagnsæi í rekstri hlutafélaga sem hafa hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði og styrkja stöðu hluthafa til að veita stjórnendum aðhald. Frumvarpið felur í sér nýmæli sem snerta samskipti milli félaga og hluthafa, hlutverk milliliða á verðbréfamarkaði, ákvörðun og birtingu starfskjara stjórnenda, viðskipti við tengda aðila, sem og upplýsingagjöf stofnanafjárfesta og umboðsráðgjafa.

Helstu efnisþættir frumvarpsins eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að lögfestur verði nýr kafli, IX. kafli A, sem fjallar um milliliði, auðkenningu hluthafa og miðlun upplýsinga. Með ákvæðunum er hlutafélögum sem hafa

hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði tryggður réttur til að fá upplýsingar frá milliliðum til að bera kennsl á hluthafa sína. Jafnframt eru lagðar ríkar skyldur á milliliði, svo sem verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir, um að miðla upplýsingum milli félags og hluthafa án tafar og auðvelda hluthöfum að nýta réttindi sín, m.a. í tengslum við hluthafafundi.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar og viðbætur við reglur laganna um starfskjör stjórnenda. Gildandi ákvæði 79. gr. a eru endurskoðuð og gerð ítarlegri með nýjum greinum 79. gr. b og 79. gr. c. Kveðið er á um að hluthafafundur skuli greiða atkvæði um starfskjarastefnu félagsins a.m.k. á fjögurra ára fresti. Sem nýmæli er lagt til að félög skuli árlega taka saman og birta sérstaka starfskjaraskýrslu sem veitir heildstætt yfirlit yfir öll laun og hlunnindi stjórnenda, ásamt samanburði við afkomu félagsins og launaþróun annarra starfsmanna. Skýrslan skal lögð fyrir aðalfund til ráðgefandi atkvæðagreiðslu.

Í þriðja lagi er lagt til að nýr kafli, X. kafli A, verði lögfestur um gagnsæi og samþykki fyrir viðskiptum við tengda aðila. Ákvæðin mæla fyrir um að mikilvæg viðskipti milli félags með hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði og tengdra aðila skuli háð samþykki stjórnar og að birta skuli opinberlega tilkynningu um slík viðskipti eins fljótt og auðið er. Markmiðið er að vernda hagsmuni félagsins og hluthafa sem ekki eru tengdir aðilar.

Í fjórða lagi er lagt til að bætt verði við nýjum kafla, XII. kafla A, sem kveður á um gagnsæi stofnanafjárfesta, aðila sem veita eignarstýringarþjónustu og umboðsráðgjafa. Þessum aðilum verður gert skylt að móta og birta stefnu um þátttöku sína sem hluthafar og greina árlega frá því hvernig stefnunni hefur verið framfylgt og hvernig atkvæðisréttur hefur verið nýttur.

Breytingarnar sem frumvarpið boðar miða að því að samræma íslenskan rétt við þróun Evrópuréttar á sviði félagaréttar og tryggja virka umgjörð um stjórnarhætti félaga sem hafa hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ákvæði frumvarpsins gáfu ekki sérstakt tilefni til að ætla að tillögurnar stangist á við stjórnarskrá.

Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með EES-samningnum. Með frumvarpsins eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög til innleiðingar á tilskipun ESB 2017/828 sem varðar réttindi hluthafa í skráðum félögum. Framangreind ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við tilskipunina. Jafnframt eru lagðar til breytingar á lögnum til innleiðingar á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1212 frá 3. september 2018 um lágmarkskröfur varðandi framkvæmd ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB að því er varðar auðkenningu hluthafa, sendingu upplýsinga og að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín.

5. Samráð.

Frumvarpið er unnið í samvinnu þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, síðar menningar- og viðskiptaráðuneytis og atvinnuvegaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins, Kauphallar Íslands, Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins. Frumvarpið var einnig kynnt fjármála- og efnahagsráðuneytis. Frumvarpið var kynnt í opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum *Island.is* ... 2026 (mál. nr. S-...). XX umsagnir bárust um frumvarpið í samráðsgáttina, frá

6. Mat á áhrifum.

Lagasetningin felur hvorki í sér auknar tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Með lagasetningunni er ekki gert ráð fyrir neinum fjárhagsáhrifum á afkomu ríkissjóðs.

Lagasetningin hefur í för með sér samfélagslegan ávinning en með tilskipun 2017/828/ESB er sjónum einkum beint að því að hvetja til langtímaþátttöku hluthafa og auka gagnsæi í samskiptum félaga og fjárfesta. Frumvarpið miða þannig að því að auðvelda félögum að bera kennsl á hluthafa sína og tryggja skilvirka miðlun upplýsinga milli félagsins og hluthafa í gegnum keðju milliliða. Jafnframt eru gerðar kröfur um aukið gagnsæi varðandi fjárfestingarstefnu stofnanafjárfesta og þeirra sem sinna eignastýringu, sem og starfsemi umboðsráðgjafa. Þá er í frumvarpinu kveðið á um nýjar reglur um starfskjarastefnu stjórnenda og aukin áhrif hluthafa á hana, auk reglna um gagnsæi og samþykki vegna viðskipta við tengda aðila.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að nýjum kafla, IX. kafla A, verði bætt við lög um hlutafélög, nr. 2/1995. Kaflinn hefur að geyma sjö nýjar greinar, 30. gr. a – 30. gr. h. Með ákvæðunum er lögfestur rammi um samskipti hlutafélaga, milliliða og hluthafa með það að markmiði að auðvelda félögum að bera kennsl á hluthafa sína, tryggja skilvirka miðlun upplýsinga og auðvelda hluthöfum að nýta réttindi sín, einkum yfir landamæri.

Ákvæði kaflans taka mið af því að hlutabréf í skráðum félögum eru oft varðveitt í gegnum keðju milliliða, þar á meðal með safnskráningu þar sem milliliður er skráður sem eigandi hlutabréfa fyrir hönd margra viðskiptavina. Slíkt fyrirkomulag er algengt í alþjóðlegum viðskiptum með fjármálagerninga og heimilt samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Með ákvæðum kaflans er félögum veitt réttur til að bera kennsl á raunverulega hluthafa sína þrátt fyrir slíkt fyrirkomulag, og milliliðum gert skylt að miðla upplýsingum í gegnum keðjuna. Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1212, sem lögfest er með 30. gr. h, setur samræmda tæknistaðla fyrir þessi samskipti

Um a-lið

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að inn í lögin komi ný grein, 30. gr. a, þar sem hugtakið milliliður er skilgreint og kveðið á um gildissvið kafla IX. kafla A. Lagt er til að milliliður verði skilgreindur sem aðili sem veitir þjónustu í tengslum við vörslu hlutabréfa, umsýslu hlutabréfa eða viðhald verðbréfareikninga fyrir hönd hluthafa eða annarra aðila. Tilgreint er í greininni að til milliliða teljist verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lánastofnanir samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og verðbréfamiðstöðvar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Mikilvægt nýmæli er að ákvæðið nær einnig til milliliða frá þriðju ríkjum (utan EES) ef þeir veita þjónustu varðandi hlutabréf í félögum með skráða skrifstofu og hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum markaði innan EES. Er þetta gert til að tryggja að upplýsingakeðjan rofni ekki þótt milliliðir utan EES komi að vörslu bréfanna. Með ákvæðinu er innleidd ákvæði d-liðar 1. mgr. og b-liðar 2. mgr. og e-liður 3. mgr. 1. gr. SRD-II tilskipunar þar sem kveðið er á um skilgreiningu hugtaksins milliliður og gildissvið 1. kafla a SRD I eins og henni er breytt með SRD II.

Um b-lið

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að inn í löginn komi ný grein 30. gr. b um auðkenningu hluthafa. Í ákvæðinu er lagt til að notað verði orðalagið „félag þar sem hlutabréf þeirra hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði“. Í nágildandi lögum um hlutafélög er notað orðalagið „félag sem skráð er á skipulegum markaði“ en orðalagið þykir ekki nægilega skýrt til og er því samhlíða þessu frumvarpi einnig lögð til breyting á framangreindu orðalagi í nágildandi lögum. Orðalagið sem lagt er til að notað verði í lögnum er í samræmi við a-lið 1. mgr. 1. gr. SRD II.

Greinin kveður á um rétt félags til að bera kennsl á hluthafa sína. Félögum þar sem hlutabréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði er veittur skýr réttur til að krefjast upplýsinga frá milliliðum um auðkenni hluthafa. Milliliðum er skylt að verða við slíkri beiðni án tafar. Í ákvæðinu eru tæmandi taldar þær upplýsingar sem félag á rétt á að fá, svo sem nafn, kennitölu og hlutafjáreign. Sé um keðju milliliða að ræða hvílir sú skylda á hverjum millilið að áframsenda beiðnina til næsta milliliðs eða svara henni beint búi hann yfir upplýsingunum. Til að tryggja persónuvernd er kveðið á um að vinnsla upplýsinganna sé eingöngu heimil í þeim tilgangi að auðkenna hluthafa og eiga í samskiptum við þá vegna hluthafaréttinda. Hámarksvarðveislutími upplýsinga er ákveðinn 12 mánuðir frá því að aðili hættir að vera hluthafi, með fyrirvara um önnur lagaákvæði. Með b-lið 1. gr. frumvarpsins verða innleidd ákvæði 2. tölul., 1. mgr. 3. tölul., 4. og 5. tölul. og 8. tölul. 3. gr. a SRD I eins og henni var breytt með SRD II.

Um c-lið

Greinin fjallar um skyldu til miðlunar upplýsinga frá félagi til hluthafa í gegnum keðju milliliða. Félagi ber að koma upplýsingum til milliliðar, eða vísa á vefsíðu þar sem þær er að finna, svo hluthafar geti nýtt réttindi sín. Milliliðum ber skylda til að áframsenda þessar upplýsingar til hluthafa án tafar. Undantekning er gerð ef félag sendir upplýsingar beint til allra hluthafa. Ákvæðið er nauðsynlegt til að tryggja að hluthafar fái vitneskju um aðalfundi og önnur málefni þrátt fyrir að hlutabréf þeirra séu varðveitt á safnreikningum eða í gegnum marga milliliði. Með liðnum verða innleidd ákvæði 1.-6. tölul. 1. mgr. 3. gr. b SRD I eins og henni var breytt með SRD II.

Um d-lið

Hér er kveðið á um upplýsingaflæði í hina áttina, þ.e. frá hluthafa til félags. Milliliðum er skylt að koma upplýsingum og fyrirmælum frá hluthafa, t.d. vegna nýtingar atkvæðisréttar, áleiðis til félagsins án tafar. Ákvæðið tryggir virkni keðjunnar í báðar áttir.

Um e-lið

Greinin leggur þá skyldu á milliliði að auðvelda hluthöfum að nýta réttindi sín, sérstaklega réttinn til að taka þátt í og greiða atkvæði á hluthafafundum. Milliliður skal ýmist gera hluthafa kleift að nýta réttindin sjálfur eða nýta þau fyrir hönd hluthafa samkvæmt umboði og fyrirmælum. Jafnframt er kveðið á um skyldu milliliða til að áframsenda staðfestingu á móttöku atkvæða frá félagi til hluthafa. Með framangreindum lið verða innleidd ákvæði 3. gr. c SRD I eins og henni var breytt með SRD II.

Um f-lið

Ákvæðið felur í sér nýmæli um gagnsæi við atkvæðagreiðslur. Við rafræna atkvæðagreiðslu ber félagi að senda rafræna staðfestingu á móttöku atkvæðis. Eftir hluthafafund getur hluthafi (eða þriðji aðili fyrir hans hönd) krafist staðfestingar á því að

atkvæði hans hafi verið skráð og talið réttilega. Slík beiðni skal koma fram innan fjögurra vikna frá fundi. Þetta er liður í að auka traust hluthafa á framkvæmd hluthafafunda.

Um g-lið

Kveðið er á um að gjaldtaka milliliða fyrir þjónustu samkvæmt kaflanum skuli vera gagnsæ, hófleg og í samræmi við raunverulegan kostnað. Milliliðum er skylt að birta gjaldskrá sína opinberlega. Ákvæðið er í samræmi við 3. gr. d í SRD II og miðar að því að koma í veg fyrir að óhófleg gjaldtaka hindri nýtingu hluthafaréttinda, sérstaklega yfir landamæri.

Um h-lið

Með ákvæðinu er framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1212 veitt lagagildi hér á landi. Reglugerðin kveður á um samræmd snið og tæknistaðla fyrir samskipti og upplýsingaskipti milli félaga og milliliða, svo sem vegna auðkenningar hluthafa og boðunar á hluthafafundi. Innleiðing reglugerðarinnar er forsenda þess að samræming náist á Evrópska efnahagssvæðinu og að sjálfvirk vinnsla verði möguleg í samskiptum milliliða

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að núgildandi 79. gr. a laganna falli brott og í stað hennar komi nýtt og ítarlegra ákvæði sem verður 79. gr. a. Með breytingunni er stefnt að því að innleiða 1. - 5. mgr. og 7. mgr. 9. gr. a SRD II.

Breytingin felur í sér að regluverki um starfskjarastefnu er skipt upp í tvær greinar, 79. gr. a og 79. gr. b, til að auka skýrleika. Í 79. gr. a er kveðið á um skyldu til að setja starfskjarastefnu, málsmeðferð við samþykkt hennar og birtingu, en í 79. gr. b er fjallað um efni stefnunnar. Gildissvið ákvæðisins miðast við félög sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.-3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Í greininni er lagt til að orðalagi því sem nú er í 1. málsl. 1. mgr. 79. gr. a verði breytt til skýringar og til samræmis við orðalag skilgreiningar hugtaksins *stjórnandi* í i-lið 2. gr. SRD I eins og henni var breytt með SRD II. Samkvæmt i-lið framangreinds ákvæði tilskipunarinnar tekur hugtakið *stjórnandi* til aðila sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félags. Samkvæmt ii-lið framangreinds ákvæði tilskipunarinnar tekur hugtakið einnig til forstjóra og varaforstjóra, ef við á, þegar þeir sitja ekki í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félags.

Í greininni er kveðið á um að hluthafar skuli greiða atkvæði um starfskjarastefnu félagsins á aðalfundi. Slík atkvæðagreiðsla skal fara fram við hverja mikilvæga breytingu á stefnunni og eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Með þessu er hluthöfum tryggður aukin aðkoma og áhrif á launamál stjórnenda, í samræmi við markmið tilskipunarinnar um „say on pay“.

Lagt er til að starfskjarastefnan sé bindandi fyrir félagsstjórn að því er varðar hlutabréfatengd starfskjör (kauprétti o.fl.), en að öðru leyti leiðbeinandi, nema samþykktir félagsins kveði á um annað. Þetta er í samræmi við núgildandi framkvæmd en orðalagi er breytt til samræmis við nýja uppbyggingu ákvæðisins.

Nýmæli er að finna í ákvæðinu um viðbrögð ef starfskjarastefna er ekki samþykkt. Ef hluthafafundur hafnar tillögu að starfskjarastefnu ber stjórn að leggja fram endurskoðaða tillögu eigi síðar en á næsta aðalfundi. Á meðan gildir eldri samþykkt stefna eða, ef engin stefna er til staðar, ríkjandi framkvæmd. Þá er kveðið skýrt á um að birta skuli niðurstöður atkvæðagreiðslunnar tafarlaust á vefsíðu félagsins og skuli stefnan vera þar aðgengileg almenningi án endurgjalds á gildistíma hennar.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að nýrri grein, 79. gr. b, verði bætt við lögin. Ákvæðið kveður á um efni og inntak starfskjarastefnu og innleiðir 6. mgr. 9. gr. a SRD II. Markmiðið er að tryggja að starfskjarastefna sé skýr, skiljanleg og stuðli að viðskiptaáætlun, langtímahagsmunum og sjálfbærni félagsins.

Í ákvæðinu eru tæmandi talin þau atriði sem starfskjarastefna skal innihalda. Í stað þess að telja einungis upp tegundir starfskjara, líkt og í eldri lögum, er nú gerð krafa um að félög útskýri hvernig starfskjörin styðja við stefnu félagsins. Helstu nýmæli og áherslur í greininni eru:

1. Tenging við stefnu og sjálfbærni: Félögum ber skylda til að útskýra hvernig starfskjarastefnan stuðlar að viðskiptaáætlun, langtímahagsmunum og sjálfbærni félagsins.
2. Laun og ráðningarkjör starfsmanna: Gera skal grein fyrir því hvernig tekið var tillit til kjara almennra starfsmanna félagsins við mótun stefnunnar.
3. Breytileg starfskjör: Settar eru fram ítarlegri kröfur um viðmið fyrir breytileg laun. Þau skulu byggja á skýrum og mælanlegum árangursviðmiðum, bæði fjárhagslegum og ófjárhagslegum, þ.m.t. tengdum samfélagslegri ábyrgð.
4. Eignarhlutatengd kjör: Kveðið er á um að tilgreina þurfi ávinnslutímabil og geymslutíma hlutabréfa til að tryggja að hvatarnir samræmist langtímahagsmunum.
5. Akvörðunartökuferli: Útskýra þarf ferlið við ákvörðun og endurskoðun stefnunnar, þ.m.t. hlutverk starfskjaranefndar og hvernig brugðist er við hagsmunaárekstrum.

Þá er í greininni að finna heimild til að víkja tímabundið frá starfskjarastefnu við sérstakar aðstæður. Slíkt er þó einungis heimilt ef stefnan sjálf kveður á um málsmeðferð vegna frávíka og skilgreinir hvaða þætti má víkja frá. Skilgreining á sérstökum aðstæðum er þröng og tekur mið af því sem nauðsynlegt er til að tryggja langtímahagsmuni og rekstrarhæfi félagsins.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að nýrri grein, 79. gr. c, verði bætt við lögin. Greinin kveður á um skyldu til að taka saman og birta starfskjaraskýrslu (*e. remuneration report*) og innleiðir 9. gr. b SRD II. Ákvæðið nær til félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði.

Með ákvæðinu er aukið verulega við gagnsæi um raunverulegar greiðslur til stjórnenda. Starfskjarastefna (79. gr. a og b) horfir fram á við og setur rammann, en starfskjaraskýrsla horfir aftur í tímann og gerir grein fyrir því hvernig til tókst á liðnu reikningsári.

Helstu efnistökk greinarinnar eru:

1. Heildstætt yfirlit: Skýrslan skal veita yfirlit yfir öll starfskjör, í hvaða mynd sem er, sem veitt voru hverjum og einum stjórnanda á liðnu ári.
2. Samanburður: Birta skal upplýsingar um árlega breytingu á starfskjörum stjórnenda, afkomu félagsins og meðallaunum annarra starfsmanna (á grundvelli fulls starfs) yfir fimm ára tímabil. Þetta er gert til að auðvelda hluthöfum að sjá samhengi milli launa stjórnenda og þróunar félagsins í heild.
3. Persónuvernd: Sérstaklega er kveðið á um að ekki megi birta viðkvæmar persónuupplýsingar eða upplýsingar um fjölskylduhagi stjórnenda.
4. Aðkoma hluthafa: Skýrslan skal borin undir atkvæði á aðalfundi. Atkvæðagreiðslan er ráðgefandi. Félaginu ber þó skylda til að útskýra í næstu starfskjaraskýrslu hvernig

tekið var tillit til niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Fyrir lítil og meðalstór félög er heimilt að leggja skýrsluna fram til umræðu í stað atkvæðagreiðslu.

5. Birting: Skýrslan skal vera aðgengileg á vefsíðu félagsins í að minnsta kosti 10 ár til að tryggja sögulegt gagnsæi og aðhald.

Ákvæðið veitir hluthöfum tæki til að veita stjórnendum aðhald og tryggja að launatengd hvatakerfi skili tilætluðum árangri.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að nýjum kafla, X. kafla A, verði bætt við lögin. Kaflinn hefur að geyma eina nýja grein, 96. gr. a, sem fjallar um gagnsæi og samþykki fyrir viðskiptum tengdra aðila. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 9. gr. c SRD I, eins og henni var breytt með SRD II. Markmið ákvæðisins er að vernda hagsmuni félagsins og hluthafa sem eru ekki tengdir aðilar, þ.m.t. minnihlutahluthafa, með því að tryggja að viðskipti við tengda aðila séu sanngjörn og gagnsæ.

Um 1. mgr.

Í málsgreininni er kveðið á um skyldu stjórnar til að samþykkja mikilvæg viðskipti við tengda aðila áður en þau eru framkvæmd. Ákvæðið gildir um félög þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Til að tryggja óhlutdrægni er lagt til að stjórnarmaður, sem jafnframt er tengdur aðili eða hefur hagsmuna að gæta í viðskiptunum, megi ekki taka þátt í afgreiðslu málsins. Þetta er í samræmi við almennar vanhæfisreglur 72. gr. laganna en hér er gerð sérstök krafa um formlegt samþykki. Jafnframt er lagt til að stjórn setji sérstakar verklagsreglur um hvernig metið skuli hvort viðskipti teljist mikilvæg og hvernig staðið skuli að samþykki þeirra. Við mat á mikilvægi skal leggja saman öll viðskipti við sama tengda aðilann á einu reikningsári.

Um 2. mgr.

Í 2. mgr. er lagt til að vísað verði til skilgreiningar á hugtakinu *tengdur aðili* í lögum um ársreikninga. Í 41. tölulið 2. gr. laga um ársreikninga er hugtakið *tengdur aðili* skilgreint þannig að það hafi sömu merkingu og samkvæmt viðeigandi alþjóðlegum reikningsskilastaðli sem settur er á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt, en um er að ræða IAS-staðal 24 um upplýsingar um tengda aðila. Með því að notast við sömu skilgreiningu og í reikningsskilareglum er tryggt samræmi milli félagaréttarlegra skyldna og upplýsingagjafar í ársreikningum.

Um 3. mgr.

Í málsgreininni er skilgreint hvað teljist mikilvæg viðskipti (*e. material transactions*) sem falla undir ákvæðið. Samkvæmt tilskipuninni hafa aðildarríki svigrúm til að setja megindleg viðmið. Lagt er til að miðað verði við að viðskipti teljist mikilvæg ef gangvirði þeirra nemur 5% eða meira af heildareignum félagsins. Viðmiðunin byggist á síðasta birta samstæðureikningi, eða ársreikningi ef félag gerir ekki samstæðureikning. Við val á þessu viðmiði hefur verið litið til framkvæmdar í öðrum aðildarríkjum innan EES. Þótt algengt sé að miða við 10% af heildareignum er hér lagt til lægra hlutfall, eða 5%, með hliðsjón af smæð íslenska markaðarins og til að tryggja öflugan vernd minnihlutahluthafa. Ákvæðið mælir einnig fyrir um samlagningu viðskipta. Fari samanlögð viðskipti við sama

aðila yfir 5% mörkin á reikningsárinu verður skylt að fylgja reglum um samþykki og birtingu þegar því marki er náð.

Um 4. mgr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu vegna mikilvægra viðskipta. Félagi ber að birta tilkynningu á vefsíðu sinni tafarlaust eftir að samningur hefur verið gerður. Tilkynningin skal geyma nauðsynlegar upplýsingar til að hluthafar geti metið viðskiptin, þ.m.t. nafn hins tengda aðila, eðli tengslanna, verðmæti viðskiptanna og rökstuðning fyrir því að þau séu sanngjörn gagnvart féluginu og öðrum hluthöfum. Tilkynningin skal vera aðgengileg í fimm ár.

Um 5. mgr.

Í málsgreininni eru taldar upp undantekningar frá reglum um samþykki og birtingu. Mikilvægasta undantekningin er í 1. málsl. og varðar viðskipti sem eru liður í venjulegum rekstri félagsins og fara fram á eðlilegum markaðskjörum. Til að koma í veg fyrir misnotkun á þessari undanþágu er lagt til að stjórn setji sérstakt verklag um mat á því hvort viðskipti falli hér undir og að tengdir aðilar taki ekki þátt í því mati. Aðrar undantekningar (1.–5. tölul.) byggja á heimildum í tilskipuninni og eiga við um tilvik þar sem hagsmunir hluthafa eru tryggðir með öðrum hætti, t.d. viðskipti við dótturfélög í fullri eigu móðurfélags, viðskipti sem hluthafafundur hefur þegar samþykkt, eða viðskipti sem varða starfskjör sem falla undir 79. gr. a laganna.

Um 6. mgr.

Lagt er til að reglurnar nái einnig til viðskipta milli tengdra aðila félagsins og dótturfélaga þess. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að farið sé á svig við reglurnar með því að láta viðskiptin fara í gegnum dótturfélag.

Um 7. mgr.

Áréttað er að ákvæði greinarinnar hafi ekki áhrif á reglur um birtingu innherjaupplýsinga samkvæmt 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (MAR), sbr. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Birting samkvæmt þessari grein kemur því til viðbótar við birtingu innherjaupplýsinga ef viðskiptin teljast jafnframt vera innherjaupplýsingar.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að nýjum kafla, XII. kafla A, verði bætt við lögin og hann beri heitið „Gagnsæi stofnanafjárfesta, aðila sem veita eignarstýringarþjónustu og umboðsráðgjafa“. Kaflinn hefur að geyma sex nýjar greinar, 104. gr. a – 104. gr. g, sem innleiða ákvæði 3. gr. g – 3. gr. j í SRD I, eins og henni var breytt með SRD II.

Markmið kaflans er að auka gagnsæi og ábyrgð þeirra aðila sem gegna lykilhlutverki í fjárfestingarkeðjunni og hafa veruleg áhrif á stjórnarhætti skráðra félaga. Með ákvæðunum er leitast við að hvetja til langtímapáttöku hluthafa og draga úr skammtímahugsun í fjárfestingum, sem er eitt af meginmarkmiðum SRD II.

Um a-lið (104. gr. a – Skilgreiningar og gildissvið)

Í greininni eru skilgreind þau hugtök sem notuð eru í kaflanum og gildissvið hans afmarkað.

Með stofnanafjórðfesti er átt við váttryggingafélög sem stunda líftryggingastarfsemi samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi og starfstengdur eftirlaunasjóður samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði. Þessi skilgreining er í samræmi við 2. gr. tilskipunarinnar og tekur mið af þeim aðilum sem fara með fjármuni almennings til langs tíma og hafa þar af leiðandi sérstaka hagsmuni af góðum stjórnháttum þeirra félaga sem þeir fjórðfesta í.

Með aðila sem veitir eignarstýringarþjónustu er átt við verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að því marki sem þeir veita stofnanafjórðfestum þjónustu við stýringu fjórðfestinga. Skilgreiningin tekur mið af þeim aðilum sem þegar lúta eftirliti Seðlabanka Íslands samkvæmt sérlögum.

Með umboðsráðgjafa er átt við lögaðila sem greinir upplýsingar um félög með hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum markaði, í því skyni að aðstoða hluthafa við ákvarðanatöku um atkvæðagreiðslu. Þjónusta umboðsráðgjafa felst einkum í rannsóknum, ráðgjöf og ráðleggingum um hvernig hluthafar ættu að greiða atkvæði á hluthafafundum. Umboðsráðgjafar gegna mikilvægu hlutverki á fjármálamörkuðum, sérstaklega fyrir stofnanafjórðfesta sem eiga hluti í fjölda félaga og þurfa aðstoð við að meta tillögur á hluthafafundum.

Gildissvið kaflans nær til stofnanafjórðfesta sem fjórðfesta í hlutabréfum á skipulegum markaði, aðila sem veita eignarstýringarþjónustu þegar þeir fjórðfesta fyrir hönd slíkra fjórðfesta, og umboðsráðgjafa sem veita þjónustu varðandi hlutabréf í félögum með skráða skrifstofu innan EES eða hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði innan EES. Þetta þýðir að íslenskir umboðsráðgjafar falla undir ákvæðin óháð því hvar félögin sem þeir veita ráðgjöf um eru staðsett, og erlendir umboðsráðgjafar falla undir ákvæðin ef þeir veita þjónustu varðandi íslensk félög.

Um b-lið (104. gr. b - Þáttökustefna)

Í greininni er kveðið á um skyldu stofnanafjórðfesta og aðila sem veita eignarstýringarþjónustu til að móta og birta þáttökustefnu (*e. engagement policy*). Þáttökustefna er eitt af nýmælum SRD II og miðar að því að hvetja til virkrar þátttöku hluthafa í stjórnháttum þeirra félaga sem fjórðfest er í.

Þáttökustefnan skal lýsa því hvernig viðkomandi aðili:

- Fylgist með félögum sem fjórðfest er í, þ.m.t. varðandi stefnu, fjárhagslegan árangur, áhættu, fjármagnsskipan, félagsleg áhrif og umhverfismál.
- Á í viðræðum við félög.
- Nýtir atkvæðisrétt sinn og önnur réttindi sem fylgja hlutafjáreign.
- Á í samstarfi við aðra hluthafa.
- Á í samskiptum við hagsmunaaðila félaganna.
- Bregst við hagsmunaárekstrum.

Þáttökustefnan skal birt opinberlega, ásamt árlegum upplýsingum um framkvæmd hennar. Ef aðili velur að ekki móta þáttökustefnu eða birta upplýsingar um hana, skal hann gefa skýra og rökstudda skýringu á því. Þetta er í samræmi við „fylgdu eða skýrðu frá“ regluna (*e. comply or explain*) sem liggur til grundvallar þessum ákvæðum tilskipunarinnar.

Um c-lið (104. gr. c - Fjórðfestingaráætlun stofnanafjórðfesta og samkomulag)

Í greininni er kveðið á um skyldu stofnanafjórðfesta til að birta upplýsingar um hvernig fjórðfestingaráætlun þeirra samræmist skuldbindingum þeirra og stuðlar að árangri til

meðallangs og langs tíma. Þetta á sérstaklega við um lífeyrissjóði og líftryggingafélög sem bera langtímaskuldbindingar gagnvart sjóðfélögum og vátryggingartökum.

Stofnanafjárfestar sem nýta þjónustu aðila sem veitir eignarstýringarþjónustu skulu einnig birta upplýsingar um samkomulag sitt við slíkan aðila, þ.m.t. hvernig samkomulagið hvetur til langtímasjónarmiða og hvernig mat er lagt á árangur þess sem veitir eignastýringarþjónustu.

Um d-lið (104. gr. d – Gagnsæi aðila sem veita eignarstýringarþjónustu)

Í greininni er kveðið á um upplýsingaskyldu aðila sem veita eignarstýringarþjónustu gagnvart stofnanafjárfestum. Slíkir aðilar skulu árlega veita upplýsingar um:

- Hvernig fjárfestingaráætlun þeirra samræmist samkomulagi við stofnanafjárfestinn.
- Helstu áhættuþætti til meðallangs og langs tíma.
- Samsetningu eignasafns, veltu og veltukostnað.
- Notkun þjónustu umboðsráðgjafa.
- Hvernig tekið er á hagsmunaárekstrum.

Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að stofnanafjárfestar geti metið hvort eignastýringaraðilar starfi í samræmi við langtímahagsmuni þeirra og sjóðfélaga.

Um e-lið (104. gr. e - Upplýsingar um hátternisreglur umboðsráðgjafa)

Í greininni er kveðið á um skyldu umboðsráðgjafa til að birta tilvísun í þær hátternisreglur sem þeir fylgja og greina frá beitingu þeirra. Ef umboðsráðgjafi vísar frá hátternisreglum skal hann gefa skýra og rökstudda skýringu á því og tilgreina hvaða aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar í staðinn. Ef umboðsráðgjafi fylgir engum hátternisreglum skal hann gefa skýra og rökstudda skýringu á því.

Þetta ákvæði byggir á „fylgdu eða skýrðu frá“ reglunni og miðar að því að tryggja að umboðsráðgjafar starfi af heilindum og gagnsæi, án þess að setja bindandi efnisreglur um innihald ráðgjafar.

Um f-lið (104. gr. f - Árleg upplýsingagjöf)

Í greininni er kveðið á um skyldu umboðsráðgjafa til að birta árlega upplýsingar um:

- Aðferðafræði við undirbúning rannsókna, ráðgjafar og ráðlegginga vegna atkvæðagreiðslu.
- Helstu upplýsingaveitur.
- Hvernig tekið er tillit til aðstæðna á innlendum mörkuðum, lagalegra skilyrða og stjórnaðháttum.
- Hvort og hvernig viðræður eru hafðar við félög og hagsmunaaðila þeirra.
- Stefnu um hagsmunaárekstra og hvernig þeim er stjórnað.

Þá er kveðið á um að umboðsráðgjafar skuli tilgreina og veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um raunverulega eða hugsanlega hagsmunaárekstra og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr þeim.

Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að viðskiptavinir umboðsráðgjafa (stofnanafjárfestar og þeir sem veita eignastýringarþjónustu) geti metið áreiðanleika og hlutlægni þeirrar ráðgjafar sem veitt er. Samkvæmt ESMA-skýrslu frá 2023 (ESMA32-380-267) hefur gagnsæi umboðsráðgjafa aukist verulega eftir gildistöku SRD II og markaðsaðhald gegnt mikilvægu hlutverki við framfylgd reglnanna.

Um 7. og 8. gr.

Í 7. og 8. gr. eru lagðar til sambærilegar breytingar á ákvæði 54. gr. a laga um einkahlutafélög um starfskjarastefnu slíkra félaga og eru lagðar til á 79. gr. a og nýrri 79. gr. b laga um hlutafélög í 2. og 3. gr. Ákvæði um starfskjarastefnu er bæði að finna í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög en ákvæði SRD II taka eingöngu til félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Rétt þykir þó að ákvæði hlutafélagalöggjafar um starfskjarastefnu séu samhljóða og því eru lagðar til sambærilegar breytingar á 54. gr. a og að inn komi ný grein 54. gr. b laga um einkahlutafélög og lagðar eru til í 2. og 3. gr. á ákvæði 79. gr. a og nýrri 79. gr. b laga um hlutafélög. Er því hvað varðar skýringar með þessu ákvæði vísað til umfjöllunar í greinargerð frumvarpsins þessa um ákvæði 2. og 3. gr. Þar sem tilskipun SRD I eins og henni var breytt með SRD II tekur eins og fyrr segir eingöngu til hlutafélaga þar sem hlutir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði verður hér ekki lagt til að ákvæði framangreindrar tilskipunar um starfskjaraskýrslu taki einnig til einkahlutafélaga. Því verða ekki lagðar til sambærilegar breytingar á lögum um einkahlutafélög og lagðar eru til á lögum um hlutafélög í 4. gr.

Um 9. gr.

Lagt er til að lögin taki þegar gildi en komi til framkvæmda 1. júlí 2026. Með framangreindum fresti er talið að þeim aðilum sem falla undir gildissvið laganna sé gefið nægilegt svigrúm til að bregðast við breytingunum sem lagasetningin hefur í för með sér fyrir starfsemi þeirra.